



Kópavogi, 23. febrúar 2026
25121241/ ADK

Dalvegur 28

Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi.

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 12. janúar 2026 var fyrirspurn Halls Kristmundssonar byggingarfræðings dags. 11. desember 2025 f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 28 við Dalveg um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar vísað til umsagnar verkefnastjóra.

Spurst er fyrir um hvort heimilað verði að gera 10 m² viðbyggingu við austurhlið núverandi byggingar á lóðinni.

Lóðin er 3.565 m² að flatarmáli og núverandi byggingarmagn á lóðinni er 844 m² skv. skráningu í Fasteignaskrá.

Lóðin er á verslunar- og þjónustusvæði (VP-10) í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.


Fyrir lóðina er í gildi deiliskipulagið Dalvegur milli Smáratorgs og gróðrarstöðvar sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs þann 21. janúar árið 1991. Sjö breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu frá gildistöku, þar af ein fyrir umrædda lóð.

Í gildandi deiliskipulagi er heimilt hámarks byggingarmagn á lóðinni 844 m² og er lóðin því fullbyggð.

Núverandi húsnæði á lóðinni er skráð sem iðnaðarhús, þrír eignarhlutar eru skráðir í Fasteignaskrá.



Mynd 1. Loftmynd af kortavef Kópavogsbæjar.



Mynd 2. Breyting sem spurst er fyrir um, rauðmerkt.

Umsögn og niðurstaða

Breytingin sem spurst er fyrir um, 10 m² viðbygging við austurhlíð núverandi húss, er metin óveruleg og ekki líkleg til að hafa áhrif á aðlægar lóðir.

Ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi sækir um byggingarleyfi fyrir fyrirhugaðri viðbyggingu sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi

